

VEÐRATTAN 1942

MÁNAÐARYFIRLIT SAMIÐ Á VEÐURSTOFUNNI

Janúar.

Tíðarfarið var, milt, en með afbrigðum óstöðugt og úrkomusamt sunnan lands og vestan. Á Norður- og Austurlandi var tíð hagstæð, lítill snjór og góðir hagar. Þ. 1.-7. Lægðir fyrir norðan og austan land. Hæð fyrir sunnan land. Lengst af vestlæg átt. Frost fyrstu fjóra dagana.

Þ. 8.-31. Lægðirnar gengu flestar fyrir vestan og norðan land, svo að vindur var lengst af ýmist sunnan eða vestan. Tvær dýpstu lægðirnar komu með 3 daga millibili, þ. 12. og 15. og ollu báðar sunnan- og suðaustanofviðri um allt land. Veðurhæð varð 11 - 12 vindstig báða dagana (2 stöðvar með 12 vindstigum þ. 12., en 10 stöðvar þ. 15., og þó var sú lægðin grynnri). Flesta dagana var stormur einhvers staðar á landinu. Lægðunum fylgdu miklar rigningar á Suður- og Vesturlandi. Þ. 27. fór lægð fyrir sunnan land. Brá þá til norðanáttar með dálitlu frosti, en gerði sunnanátt á ný og þjóviðri þ. 29.

Í ofviðrinu þ. 12. féll maður ofan af húspaki á Skútustöðum í Mývatnssveit og dauðrotaðist. Þann dag rak erlendan togara á land í Rvk. Nóttina áður slitnaði skip frá bryggju í Rvk. og rak á land. Símbílanir urðu víða. Hlaða og fjárhús fuku á Svalbarðsströnd og eitthvað af heyjum. - Í ofviðrinu þ. 15. urðu miklir skaðar á sjó og landi. Erlent skip strandaði við Mýrar, af 27 manna skipshöfn fórust 25, þar af 2 íslendingar. Fjögur erlend skip strönduðu á Akureyjarfirfi við Rvk. og á Engey; mannbjörg. Í Rvk. f auk girðingin um íþróttavöllinn, hellur fuku af húsum, og tré rifnuðu upp með rötum. Smáslys urðu á mönnum. Kirkjan á Melstað í Miðfirði f auk grunni og sást ekkert eftir af henni. Símbílanir urðu víða um land, m. a. brotnuðu símastaurar. Sæsíminn slitnaði í Borgarfirði, Húnavatnssýslu, Ólafsfirði og undir Eyjafjöllum kom það fyrir, að peningshús og önnur útihús fuku. Sjógarðurinn á Eyrarbakka brotnaði. Smærri skemmdir á húsum, heyjum og bátum urðu hér og þar. Þ. 26. féllu tveir menn út af vélbáti frá Akranesi, og drukknaði annar. - Þ. 27. urðu símbílanir í Vopnafirði og aðrir smáskaðar.

Loftvægið var 0.5 mm. undir meðallagi á öllu landinu, hæst á Tgh., 0.9 mm. yfir meðallagi, en lægst á Sth., 2.2 mm. fyrir neðan það. Hæst stóð loftvog í Rvk. þ. 4. kl. 10, 779.5 mm., en lægst á Sth. þ. 12. kl. 21, 702.6 mm. Hiti var 3 4° yfir meðallagi á öllu landinu, hæstur að tiltölu eða allt að 5° fyrir ofan meðallag sums staðar norðan lands en lægstur, 2-2V2° meiri en í meðallagi á nokkrum stöðvum á Suður- og Suðausturlandi. Hiti var mjög breytilegur í mánuðinum, en komst þó að eins þ. 3. og 4. niður fyrir meðalhita á öllu landinu. Hinn 3. var kaldasti dagur mánaðarins, hiti 3° undir meðallagi. Annars var hiti 1-7° fyrir ofan meðallag, og mestur að tiltölu þ. 15.

Sjávarhitinn við strendur landsins var 2.3° yfir meðallagi, frá 3.5° við Rvk. til 1.7° við Krv. og Grvk. Jarðvegshitinn á Rafmagnsstöðinni við Rvk. var 4.1° í 1 m. dýpt og 7.2° í 2 xa. dýpt. Úrkoman var allmikil, 1V3 sinnum meðalúrkoma á öllu landinu, mest að tiltölu eða nærri tvöföld meðalúrkoma á Sth., en minnst um 10 % fyrir neðan meðallag í Gr. og Vík. Úrkomudagar voru allt að 8 fleiri en 10 ára meðaltal á Suður- og Vesturlandi; norðan lands og austan var úrkomudagafjöldi yfirleitt nálægt meðallagi, á stöku stað þó allt að 12 færri en venjulega. Mánaðarúrkoma á Seyðisfirði mældist 232.7 mm. - Skriðuhlaup urðu hjá Núpsstað í þessum mánuði og ollu nokkrum skemmdum á túni, engjum 09 bit-